

Eru íslenskir neytendur smálána ólæsir á fjármál?

Davíð Arnarson, Kári Kristinsson og Sigurður Guðjónsson¹

Ágrip

Mikil umræða hefur skapast á Íslandi um hin svo kölluðu smálánafyrirtæki. Annars vegar finnst mörgum að smálán bæti við flóru fjármálavara sem eru í boði fyrir neytendur. Hins vegar er hægt að líta svo á að smálán séu ekki annað en okurlánastarfssemi, enda vextir á þessum lánnum afar háir. Þrátt fyrir að pólitísk umræða um smálán hafi verið nokkur hafa þau hins vegar verið nánast óskoðuð í fræðasamfélaginu. Í þessari grein skoðum við hvort neytendur smálána séu með verra fjármálalæsi en hinn almenni neytandi. Niðurstöðurnar gefa til kynna að neytendur smálána séu með verra fjármálalæsi en almennir neytendur. Þeir eru einnig yngri, líklegri til að vera karlkyns, með lægri tekjur og menntun.

Abstract

Considerable discussion has taken place in Iceland regarding firms offering small loans such as payday loans or microfinance loans. On one side people view these loans as adding to the choice of financial products available to consumers, while on the other side these loans are often viewed as loansharking as the annual interest rate is high. However, very little of this discussion has taken place in the Icelandic academic community and as a result no research has been conducted on this market. In this paper we investigate whether consumers of these small loans are less financially literate than the general population. We find that these consumers are less financially literate than the general population. They are also younger, more likely to be male, with less income and lower education.

JEL flokkun: M1; M14.

Lykilorð: Smálán; fjármálalæsi; neytendahegðun; örlán.

Keywords: Payday loan; financial illiteracy; consumer behaviour; microfinance loans.

Are Icelandic consumers of payday loans financially illiterate?

¹ Davíð Arnarson er sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Netfang: david@crv.is. Kári Kristinsson er dósent við Háskóla Íslands. Netfang: karik@hi.is. Sigurður Guðjónsson er lektor við Háskólann á Akureyri. Netfang: sigurdurg@unak.is

1 Inngangur

Til þess að geta lágmarkað áhrif ytri þátta á fjárhagslega velgengni og geta tekið upplýstar ákvarðanir tengdar fjármálum þarf neytandi að búa að góðu fjármálalæsi (Breki Karlsson, 2010). Þorri neytenda þarf á einhverjum tímavarki í sínu lífi að taka ákvörðun tengda fjárfestingu og sparnaði. Þrátt fyrir það hafa rannsóknir sýnt að neytendur búa almennt yfir takmörkuðum skilningi á fjármálaþjónustu sem í boði er (OECD, 2005). Margar ástæður eru taldar liggja að baki og tekur skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) nokkrar þeirra fyrir, þ.á.m. áhrif aukins upplýsingaflæðis í formi aukinnar markaðssetningar sem og fjölgun þeirra kosta sem neytendum bjóðast. Neytendur eru taldir eiga erfitt með að átta sig á kostnaði sem fylgir því að fá lánaða peninga, þeim reynist erfitt að gera greinarmun á tilboðum fjármálastofnana og með tilkomu netsins og viðskipta í gegnum það geta neytendur átt erfiðara um vik að gera greinarmun á óprúttum aðilum og þeim sem stunda venjubundin viðskipti (OECD, 2005; Viðskiptaráðuneytið, 2009). Fyrir vikið hefur umræða um lagasetningu til verndar neytendum á fjármálamarkaði sprottið upp bæði hér á Íslandi sem og erlendis.

Í þessari grein skoðum við hvort neytendur smálána séu með verra fjármálalæsi en hinn almenni neytandi. Við byrjum á því að skoða fjármálalæsi, bæði almennt og í tengslum við smálán sérstaklega. Þá verður komið inná hvernig rannsóknin var framkvæmd, niðurstöður kynntar og greinin endar á umræðu.

2 Fjármálalæsi

Rannsóknir á neytendum í Bandaríkjunum hafa sýnt að því lakari, sem þekking neytenda er á sviði fjármála, þeim mun lakari eru vaxtakjör þeirra á t.d. kreditkortum og húsnæðislánnum (Lusardi og Tufano, 2009). Það borgar sig því að búa að góðri þekkingu á sviði fjármála og því fyrr sem neytandinn aflar sér þeirrar þekkingar, þeim mun betur settur er hann (Huston, 2012; Garg og Singh, 2018). Í rannsóknnum um heim allan hafa komið fram vissir þættir sem spá fyrir um fjármálalæsi einstaklinga, þ.á.m. hefur jákvæð fylgni greinst milli menntunar og fjármálalæsis, aldur og tekjur neytenda hafa einnig áhrif og mælast konur með marktækt lakara fjármálalæsi í nær öllum löndum sem tekin voru fyrir í rannsókn sem Atkinson og Messy (2012) unnu fyrir OECD. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á neikvætt samband milli fjármálalæsis og fjárhagslegar velgengni, t.d. lélegara ákvörðunartöku í lífeyrirssparnaði og yfirsuldsetningu (Gathergood, 2011; van Rooij, Lusardi og Alessie, 2011a; van Rooij, Lusardi, og Alessie, 2011b). Þó eru ekki allar rannsóknir einróma þegar kemur að tengslum fjármálalæsis og fjárhagslegar velgengni (Braunstein og Welch, 2002).

Engin altæk skilgreining er til fyrir fjármálalæsi (Huston, 2010) en við notum skilgreiningu OECD þar er fjármálalæsi er skilgreint sem þekking og skilningur á fjármálatengdum atriðum, áhættu, ásamt getu og áráðni til þess að beita þessari þekkingu, sem og getu til þess að taka árangursríkar ákvarðanir á ýmsum sviðum fjármála (OECD, 2015).

2.1 Fjármálalæsi neytenda

Þrátt fyrir að hugtakið fjármálalæsi hafi fyrst verið rannsakað af Bakken árið 1967 þá kom ekki fram almennileg skilgreining á hugtakinu fyrr en árið 1992 og hafa fræðimenn verið iðnir við að skilgreina hugtakið á misjafnan hátt og þar af leiðandi mælt það á mjög misjafna vegu (Huston, 2010). Sandra J. Huston prófesor við tækniháskólann í Texas tók saman 52 gagnasett úr 72 rannsóknnum á fjármálalæsi síðasta áratugar. Tilgangur rannsóknarinnar var að setja fram skýra skilgreiningu á hvað fjármálalæsi væri og hvað það væri ekki, greina meginágalla mælitækja, útlista úrbætur og koma upp stöðluðum og viðurkendum mælitækjum til að mæla fjármálalæsi einstaklinga. Einnig tók hún saman fyrri skilgreiningar og túlkanir á hugtakinu. Meginniðurstöður Huston voru þær að 72% þeirra 72 rannsókna sem voru athugaðar innihéldu ekki skilgreiningu á hugtakinu fjármálalæsi

og 47% þeirra töldu fjármálalæsi aðeins vera þekkingu. Sammræmi milli mælitækja var mjög ábótavant og skortur var á útskýringum á mælingum sem gerði það fræðimönnum erfitt um vik að bera saman verk sín og gagnasöfn. Samræmda hugmyndafræði vantaði milli rannsókna og oft mældu mælitækin, sem meta áttu fjármálalæsi, ekki nema hluta þeirra atriða sem æskilegt væri svo raunverulegar niðurstöður fengjust. Huston taldi að lágmark 12 kjarnaspurningar þyrfti svo mæla mætti fjármálalæsi einstaklinga á fullnægjandi hátt (Huston, 2012). Þrátt fyrir mismunandi skilgreiningar á fjármálalæsi þá nýtist skilgreining OECD frá 2015 ágætlega eða sem þekking og skilningur á fjármálatengdum atriðum, áhættu, ásamt getu og áræðni til þess að beita þessari þekkingu og getu til þess að taka árangursríkar ákvarðanir á ýmsum sviðum fjármála. Gott fjármálalæsi á einnig að skila sér í betri fjárhagsstöðu, bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið í heild (OECD, 2015).

Nýjasta viðamikla alþjólega rannsóknin á fjármálalæsi var framkvæmd af Atkinson og Messy (2012) fyrir OECD. Rannsóknin bar saman fjármálalæsi neytenda í 14 löndum. Tilgangur hennar var bæði að hanna alþjóðlegt mælitæki fyrir fjármálalæsi sem og að bera saman löndin sem tóku þátt. Athyglisverð útkoma rannsóknarinnar var ekki aðeins staðfesting fyrri rannsókna á tengslum lýðfræðilegra og félagslegra þátta við fjármálalæsi, heldur einnig tilurð viðurkennds mælitækis, sem hægt er að nota samtímis í mismunandi löndum. Mælitækin voru samræmd milli landa og voru spurningarnar alltaf á móðurmáli svarenda. Þó svo að spurningar væru samræmdar hljóðuð þær ekki alltaf eins heldur voru hannaðar til að kanna sömu þætti milli landa. Mældir voru og bornir saman þrjár þættir fjármálalæsis, þ.e. þekking, viðhorf og hegðun, með 19 kjarnaspurningum í samræmi við viðmið um misjafnar víddir, sem sett voru fram í rannsókn Atkinson (2007) og lágmarksfjölda spurninga Huston (2010).

Flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið á fjármálalæsi hafa verið gerðar í Bandaríkjunum. Þar má helst nefna rannsóknir samtaka sem nefnd eru „Jumpstart“. Samtökin voru stofnuð í Bandaríkjunum 1995 og hafa alla tíð einbeitt sér að rannsóknum á fjármálalæsi framhaldskólanemenda (Jumpstart, 2005). Dr. Lewis Mandell hannaði spurningalistann fyrir prófið sem notað var annað hvert ár frá 1997 til 2006. Því var ætlað að mæla breiða þekkingu á fjármálum. Niðurstöðurnar voru ekkert sérlega glæsilegar, en árið 1997 var meðalútkoman úr prófinu 57% sem er fall því miðað var við 60% sem lágmarkseinkunn. Útkoman hefur aðeins versnað með árunum, en Mandell (2008) vann viðamikla rannsókn upp úr gögnunum þar sem hann sýndi fram á sterk tengsl milli velgengni í prófinu og tekna, menntun foreldra og kynþætti svarenda.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið utan Bandaríkjanna á fjármálalæsi og tengdum þáttum hafa gefið svipaðar niðurstöður. Í Bretlandi hafa nokkrar rannsóknir verið unnar fyrir breska ríkið og meðal annars kannaði David Miles (2004) íbúðarlánamarkaðinn þarlendis. Helstu niðurstöður hans voru þær að margir lántekendur hefðu bæði lítinn skilning á misjafnri langtíma áhættu milli lána og ofmátu getu sína til þess að standa við afborganir til langs tíma. Atkinson o.fl. (2007) gerðu einnig stóra grunnrannsókn að beiðni breska ríkisins, en tilgangur hennar var að skilgreina viss viðmið sem hægt væri að styðjast við í lagasetningu og mótun stefnu í almennri neyslufraeðslu og fjármálaráðgjöf. Tekin voru viðtöl við 5.328 einstaklinga í öllu Bretlandi, þar með talið Skotlandi, Wales og Norður Írlandi, svo úrtakið skýrði sem best þýðið með von um að hægt væri að byggja áframhaldandi rannsóknir á þeim viðmiðum sem lögð vorum fram í henni. Viðmiðin sem Atkinson o.fl. lögðu fram voru að skipta mætti getu og þekkingu einstaklinga á sviði fjármála niður í fjóra hluta. Í fyrsta lagi daglega stjórnun fjármuna, í öðru lagi fjárhagslegar áætlanir og skipulagning, í þriðja lagi val á fjárhagslega tengdum vörum og í síðasta lagi að vera vel upplýstur um fjárhagsleg málefni. Niðurstöður þeirra voru að meta þarf alla þessa þætti svo hægt sé að leggja raunverulegt mat á getu og þekkingu einstaklinga á sviði fjármála. Auk þess skilaði rannsóknin því að mælitækin sem notuð voru væru góður grunnur til að byggja á fleiri rannsóknir í framtíðinni.

Í Ástralíu var einnig gerð viðamikil rannsókn á fjármálalæsi fullorðinna og þeim þáttum sem gætu skýrt mun milli einstaklinga, til dæmis lýðfræðilegra og félagslegra þátta. Líkt og rannsókn Mandell (2008) sýndi rannsókn Worthington (2006) fram á að vissir þættir höfðu sterk tengsl við útkomu mælinga á fjármálalæsi. Þeir félagslegu þættir sem höfðu jákvæð áhrif voru meðal annars meiri menntun, háar tekjur og rekstur eða stjórnun fyrirtækja. Atvinnuleysi eða engin atvinnuþátttaka, að hafa atvinnu af búskap og að hafa ekki lokið 10. bekk höfðu neikvæð áhrif á útkomuna. Þeir lýðfræðilegu þættir sem höfðu áhrif voru kyn, það er, karlar voru að jafnaði með hærra fjármálalæsi og konur og sömuleiðis hafði aldur áhrif. Þeir sem eldri voru, voru almennt fjármálalæsari en yngri svarendur. Rannsóknin sem var unnin úr gögnum Roy Research's gaf ástralska ríkinu góðar vísbendingar um hvaða hópum það ætti að einbeita sér að ef það hygðist bæta fjármálalæsi almennt (Worthington, 2006).

Ísland fær falleinkunn í fjármálalæsi samkvæmt rannsóknnum Breka Karlssonar en hann hefur gert nokkra rannsóknir á þessu sviði hérlendis. Haft var eftir honum í Morgunblaðinu 2009 að „Fjármálalæsi Íslendinga er dapurt og kannanir sýna að fleiri foreldrar uppfræða börn sín um kynlíf en fjármál.“ (Morgunblaðið, 2009). Afar fáar fræðilegar rannsóknir á smálánnum hafa verið gerðar á Íslandi til þessa. Í rannsóknnum Breka Karlssonar á fjármálalæsi var spurt um noktun þeirra en svörun var of lítil svo vinna mætti marktækar niðurstöður upp úr þeim (Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, munnleg heimild 17. október 2012). Höfundar þessarar greinar telja því að töluvert nýnæmi sé að þessari rannsókn.

2.2 Fjármálalæsi og smálán

Smálán eru ekki ný af nálinni erlendis og ganga undir mismunandi heitum. Í t.d. Bretlandi og Bandaríkjunum eru þau kölluð útborgunardagslán (e. Payday loan) og er markhópurinn fólk sem á erfitt með að ná endum saman í lok mánaðar (Heimild, samantekt Spegillsins á RÚV). Bandarísku lánin eru hins vegar að mörgu leyti frábrugðin þeim íslensku (Stegman, 2007). Í Finnlandi eru þessi lán markaðssett á svipaða hátt og á Íslandi með áherslu á að lifa í núinu og velta ekki fyrir sér þeim kostnaði sem fylgir því að taka lánin (Parhaat Pikavipit, 2012; PIPARTBWA, 2012). Hérlendis eru nokkur smálánafyrirtæki starfandi og heita nöfnum eins og 1909, Múli, Hraðpeningar, Kredia og Aktíva. Lánin eru yfirleitt veitt til skamms tíma (15-30 daga), upphæð þeirra er frá 10.000 kr. og upp að 80.000 kr. og þau bera misjafna vexti sem geta, með ákveðinni talnaleikfimi, orðið vel yfir 600% á ársgrundvelli (Hraðpeningar.ehf, 2018; Morgunblaðið, 2009).

Rannsóknir sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum eru af ýmsum toga. Lawrence og Elliehausen (2008) skoðuðu til dæmis hverjir taka útborgunardagslán. Niðurstöður þeirra bentu til þess að meginmarkhópurinn þar í landi væri fólk í millitekjuhópi með USD 25.000 til USD 49.999 í árstekjur, tveir þriðju hlutar hópsins væru yngri en 45 ára og þar af væru 36.4% undir 35 ára aldri. Af þeim sem svöruðu spurningu er varðaði ánægju með síðasta útborgunardagslán er þeir tóku voru 72,5% ánægðir með það og aðeins 12,2% voru óánægðir. Af þeim sem voru óánægðir með síðasta lán voru 61,6% annaðhvort ósáttir með vexti eða gjöld af lánunum. Almennt voru neytendur jákvæðir gagnvart þjónustu lána-fyrirtækjanna. Þeir voru ósammála því að ríkið ætti að takmarka fjölda lána en sammála því að ríkið beitti sér í lækkuðum gjöldum tengdum lánunum (Elliehausen og Lawrence, 2008).

Í rannsókn Stegman (2007) á markaði útborgunardagslána í Bandaríkjunum kom fram að sumir bankar notuðu sams konar markaðssetningu á yfirdráttarheimildum sínum og hluti smálánafyrirtækjanna notuðu á sinni þjónustu, þjónustu sem þau hafa verið harðlega gagnrýnd fyrir. Í þessari markaðssetningu fólst að bjóða viðskiptavinum að leysa á skjótan hátt úr tímabundum fjárhagsvanda með yfirdrætti áður en að útborgunardegi kom. Stegman kannaði einnig samkeppnihafni North Carolina State Employee's Credit Union hér eftir SECU. SECU býður sínum viðskiptavinum sérstaka tegund útborgunar-

dagslána (e. Salary Advance Loan (SALO)) á mun lægri vöxtum en bjóðast á almennum markaði. SECU hóf að bjóða SALO árið 2001, sem er samblanda af sparnaði og láni, með það að markmiði að aðstoða fólk í fjárhagsvanda við að koma undir sig fótunum. Árlegar afskriftir af SALO voru 0,27% og skiluðu 7% árlegri raunávöxtun á árunum 2001 til 2005. Niðurstaða Stegman var sú að rúm væri fyrir lánaþjónustu á mun lægri vöxtum en í boði voru á útborgunardagslánum í Bandaríkjunum, og að skilyrði væru fyrir hendi á aðkomu nýrra aðila er byðu vexti mitt á milli vaxta SALO og yfirdráttarvaxta bankanna, eða um 16-28% (Stegman, 2007).

Fleiri hafa rannsakað samkeppni á markaði þessara lána í Bandaríkjunum enda eftirspurn eftir þeim mikil. Að minnsta kosti tíu milljón heimili tóku þessi lán árið 2006 (Skiba og Tobacman, 2006) og framboðið var orðið það það mikið árið 2007 að fleiri smálána-fyrirtæki voru starfrækt í Bandaríkjunum heldur en McDonalds veitingastaðir (Stegman, 2007).

Þó svo að flestar rannsóknir á smálánum hafa verið gerðar í Bandaríkjunum, eru til nokkrar rannsóknir sem hafa verið gerðar á Norðurlöndunum á þessu sviði en nýlega kom þó út rannsókn frá Finnlandi þar sem farið var yfir neyslumynstur smálána hjá ungum Finnum og hvernig þeir mátu sjálfa sig sem neytendur (Minna, Terhi-Anna, Risto og Jaana, 2009). Niðurstöðurnar bentu til þess að aldurshópurinn 18 til 29 ára, sem rannsakadur var, notaði lánin aðallega til að fjármagna skemmtanir og til kaupa á áfengi, tóbaki og mat. Í kjölfarið komu greiðslur/afborganir kreditkortaskulda, vaxtagjalda og samgöngu-kostnaður. Kyn hafði ekki áhrif á notkun smálána, en atvinna, tekjur, aldur og fjölskyldugerð hafði áhrif. Einstaklingar á aldrinum 18 til 23 ára voru líklegri til að nota lánin heldur en fólk á aldrinum 24 til 29 ára. Af þeim sem sögðust hafa tekið smálán oftast en 6 sinnum voru 49% með lægri atvinnutekjur af atvinnu en sem nam lágmarksframfærslu. Einnig kom fram að líklegri væri að einstaklingur tæki smálán ef hann var einstætt foreldri eða með lágar tekjur (Minna o.fl., 2009).

EKKI er hægt að heimfæra nema hluta þessara erlendu niðurstaðna yfir á íslenskan markað. Bandarísku lánin eru frábrugðin þeim íslensku þar sem leggja þarf fram tryggingu í Bandaríkjunum í formi launaseðla og því eiga einstaklingar án tekna erfiðara um vik að fá smálán (Stegman, 2007). Á Íslandi er það ekki svo en neytendum er þó flett upp í vanskilaskrá Creditinfo áður en lán er veitt. Auk þess ríkir viss fákeppni á markaði á Íslandi og úr fáum kostum að velja. Það er engin nýlunda að fólk á oft í erfiðleikum með að halda sig innan settra fjárhagslegra marka vegna útgjalda og á það til að kaupa hluti sem ekki er til inneign fyrir (Laibson, 1997; Heidhues og Kószegi, 2009). Nýleg finnsk rannsókn, sem fjallaði um smálananotkun ungs fólks, leiddi í ljós að þeir sem notuðu smálán áttu erfitt með að ná stjórn á útgjöldum sínum, helst illa á fé, taldi sig ekki vera skynsama neytendur og greiddu reikninga sína oft of seint (Minna o.fl., 2009). Hópurinn sem nýtti sér hvorki smálán né kreditkort kom mun betur út í samanburðinum. Í athugasemdakafla frumvarps sem lagt var fram 14. apríl 2011 um breytingar á lögum nr. 121/1994 um neytendalán (nú lög nr. 33/2013), kemur fram að vísbendingar séu um að neytendur sem hafa lélegt fjármálalæsi séu hlífðarlausir gagnvart markaðssókn smálánafyrirtækjanna og að því þurfi að bregðast við með lagasetningu. Þessar vísbendingar hafa hins vegar ekki verið kannaðar á vandaðan hátt hér á Íslandi.

Eitthvað hefur þó þokast í átt til betri varna fyrir neytendur smálána allra síðustu ár. Neytendastofa lagði árið 2015 dagsektir á 1909, Múla og Hraðpeninga, þar sem þessi smálánafyrirtæki voru sökuð um að krefja neytendur um kostnað umfram lögbundið hámark (Viðskiptablaðið, 2015). Hraðpeningar og 1909 brugðust við þessu með því að bjóða lán-takendum sínum uppá að kaupa rafbók en þannig náðist inn kostnaður sem fyrirtækin töldu sig þurfa vegna lánanna, en enn og aftur beitti Neytendastofa dagsektum (MBL, 2017). Einnig var fyrirtækið Aktíva sakað um blekkingar vegna vaxtakjara er það bauð, en þegar allur kostnaður við lántökuna var skoðaður var dýrara að fá frá þeim lán heldur en að nota hefðbundinn yfirdrátt (RÚV, 2016).

Enn og aftur komust smálánafyrirtækin í fréttirnar þegar þau sendu óumbeðin smáskilaboð (SMS) til ungs fólks og buðu 20.000 kr lán, en með álögðum kostnaði hefðu vextir orðið vel yfir 3.000% (Stundin, 2017). Jafnframt var talsverð umræða nýverið á RÚV þess efnis að ungt fólk leitar í sífellt meira mæli til umboðsmann skuldara vegna vangoldinna smálána og vítahrings lántöku hjá slíkum fyrirtækjum (RÚV, 2018). Rannsóknir og frekari skilingur á smálánunum á Íslandi er því orðinn löngu tímabær.

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna mun milli almennra neytenda og viðskiptavina smálánafyrirtækja á Íslandi. Í þessari grein er eftirfarandi rannsóknarspurning sett fram:

Er munur á fjármálalæsi viðskiptavina smálánafyrirtækjanna á Íslandi samanborið við hinn almenna neytenda á sama markaði?

Til að svara rannsóknarspurningunni verður farið yfir niðurstöður könnunnar sem send var til neytenda smálána og handahófskennds úrtaks íslenskra neytenda (almennra neytenda).

3 Rannsóknaraðferð

Í rannsókninni var stuðst við meginlega rannsóknaraðferð í formi spurningarkvarða til að bera saman tvo hópa, það er neytendur smálána og almenna neytendur á Íslandi. Könnunin var hönnuð með hliðsjón af nokkrum erlendum fræðigreinum og rannsóknum (Minna o.fl., 2009; Puri, 1996) og spurningar fram- og bakþýddar yfir á íslensku.

3.1 Þátttakendur og framkvæmd rannsókna

Tveir hópar voru fengnir til að svara spurningakönnuninni. Fyrri hópurinn samanstóð af neytendum smálánafyrirtækjanna Kredia ehf, Smálán ehf, Hraðpeningar ehf og 1909 ehf. Þeir svöruðu 25 spurningakönnun rafrænt. Til að fá samanburð við hinn almenna íslenska neytenda var Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands falið að senda spurningalista til 1.500 manns, handahófskennds úrtaks íslenskra neytenda.

Úrtakið samanstóð af tveim hópum. Önnur könnunin var send út á alla neytendur smálánafyrirtækjanna Kredia ehf, Smálán ehf, Hraðpeningar ehf og 1909 ehf og var hún send til neytenda fyrirtækjanna í rafrænu formi fréttabréfs. Sendur var beinn tengill á netkönnunina og var könnunin opinn á tímabilinu 8. nóvember til 12. desember 2012. Alls bárust 1.167 nothæf svör.

Leitað var til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um úrtak samanburðar hóps. Úrtakið samanstóð af fólki 18 ára og eldra af öllu landinu með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu til þess að það endurspeglaði sem best samsetningu kyns, aldurs og búsetu meðal landsmanna. Það endurspeglar því eins vel og mögulegt er hinum "almenna" neytenda á Íslandi. Alls voru 1.465 manns sem fengu sendan hlekk á könnunina af þeim fylltu 840 manns út könnunina og var svarhlutfall því 57%.

3.2 Mælitæki

Upphaflega var saminn 30 spurningalisti sem var forprófaður á þremur einstaklingum, leiðréttur og bættur út frá tillögum þeirra. Að því loknu var listinn lagður fyrir 118 nemendur Fjölbrautarskólans í Breiðholti og áreiðanleiki listans kannaður. Að öllum lagfæringum loknum var ákveðið að nota 25 spurningar.

Ákveðinn munur var á þeim tveim listum sem að lokum voru sendir út til þátttakenda þessara rannsókna, en spurningarnar sem notaðar voru til að byggja niðurstöður á voru þær sömu milli hópa. Munurinn fólst tveimur aukaspurningum til neytenda smálána og fjölda bakgrunnsbreyta. Listinn sem fór til neytenda smálánafyrirtækjanna innihélt því 25 spurningar eins og áður var talið. Notaður var hvati í formi þriggja gjafabréfa í verslunar-

miðstöðina Kringluna. Listinn sem sendur var á úrtak Félagsvísindastofnunar samanstóð af 31 spurningu og innihélt ekki hvata.

Spurningar 1 - 4 voru byggðar á finnskri rannsókn frá árinu 2009 um notkun ungra Finna á smálánum (Minna o.fl., 2009). Ekki voru unnar niðurstöður upp úr þessum spurningum við vinnslu greinarinnar.

Spurning 5 mældi hvatvísi svarenda og var fengin úr bókinni „Handbook of Marketing Scales“, en skalinn sjálfur er frá árinu 1996 eftir Radhika Puri. Ekki voru unnar niðurstöður upp úr þessum spurningum við vinnslu greinarinnar.

Fjármálalæsi var mælt í spurningum 6-18. Tvær víddir fjármálalæsis voru athugaðar; annars vegar kunnátta og hins vegar viðhorf svarenda til fjármálalæsis. Stuðst var við lista Atkinson og Messy (2012) úr OECD rannsókn þeirra á fjármálalæsi. Þýðingarnar á spurningarlista þeirra voru fengnar úr rannsóknum Breka Karlssonar. Atkinson og Messy innihélt fleiri spurningar og einnig mældu þeir enn aðra vídd fjármálalæsis, hegðun. Sú vídd var ekki mæld á sama hátt í þessari rannsókn, en eins og áður kom fram var fjármálhvatvísi frekar mæld. Aðrar spurningar voru bakgrunnsspurningar meðal annars um kyn, aldur og tekjur.


Einkun í fjármálalæsi var reiknuð út fyrir hvern svarenda sem leiddi í ljós færni hans. Hæst var hægt að fá 7 stig fyrir kunnáttuhlutann og 4 stig fyrir viðhorfshlutann.

Í könnuninni sem send var til neytenda smálána voru lagðar fyrir spurningar sem snéru að neyslu á smálánum. Spurt var um til hvers smálánin voru notuð og hvort neytendur hefðu nýtt sér þau til að greiða upp fyrri smálán. Spurningarnar voru byggðar á spurningum 1-4 úr rannsókn Minna o.fl. (2009).

4 Niðurstöður


Alls bárust 2007 nothæf svör við spurningarlistnum tveimur; 1.167 frá viðskiptavinum smálánafyrirtækjanna og 840 úr könnun Félagsvísindastofnunar. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að greina hvort finna mætti marktækan mun á fjármálalæsi viðskiptavina smálánafyrirtækjanna og hins almenna neytenda. Til að úrtak smálánaþega væri sambærilegt við úrtak Félagsvísindastofnunar var það vegið með tilliti til kyns og aldurs í tölfræðiprófum.

Almennir neytendur ($M = 5,07$; $SF = 1,77$) mældust með marktækt ($t(1413) = 6,337$, $p < 0,05$) meiri þekkingu á sviði fjármála en viðskiptavinir smálánafyrirtækjanna ($M = 4,47$; $SF = 1,72$). Mynd 1 sýnir einnig að almennum neytendum gekk betur á kunnáttuhluta könnuninnar. Þannig svöruðu 25,3% öllum spurningum rétt, en einungis 9,8% viðskiptavina smálánafyrirtækjanna voru með öll svör rétt.




Mynd 1. Dreifing réttra svara í kunnáttuhluta fjármálalæsis

Þegar viðhorfshluti fjármálalæsis var skoðaður kom í ljós að marktækur munur ($t(1360) = 5,935$, $p < 0,05$) var á milli almennings ($M = 3,70$; $SF = ,75$) og neytenda smálána ($M = 3,46$; $SF = ,76$) og gefur sú niðurstaða því einnig til kynna verri stöðu neytenda smálána. Þetta gefur til kynna að þeir geri síður fjármálaáætlanir, leggi fyrir og taki meiri fjárhagslega áhættu. Á mynd 2 má sjá viðhorf svarenda beggja hópa til fjármála.



Mynd 2. Dreifing réttra svara í viðhorfshluta fjármálalæsis

Þegar samsett einkunn úr kunnáttu og viðhorfshluta fjármálalæsis er skoðuð mælist einnig marktækur ($t(1360) = 10,689$, $p < 0,05$) munur á milli almennings ($M = 8,99$; $SF = 1,78$) og neytenda smálána ($M = 7,93$; $SF = 1,86$). Mynd 3 sýnir samsetta einkunn svarenda við öllum spurningum varðandi fjármálalæsi.



Mynd 3. Dreifing réttra svara í fjármálalæsi

Í ljósi þessara niðurstaðna er óhætt að svara rannsóknarspurningunni sem lagt var upp með játandi, þ.e. almennir neytendur eru betur læsir á fjármál heldur en viðskiptavinir smálánafyrirtækjanna á Íslandi.

Sé munurinn milli neytenda smálána og almennra neytenda á Íslandi skoðaður sérstaklega má sjá að þessir hópar eru að morgu leyti frábrugðnir hvor öðrum. Í töflum 1 og 2 má sjá helstu bakgrunnsupplýsingar beggja hópanna.


Tafla 1. Bakgrunnsupplýsingar almennra neytenda

Kyn þátttakenda		Mánaðarlegar ráðstöfunartekjur þátttakenda	
Karlar	49,2%	0 - 100.000 kr.	6,0%
Konur	50,8%	100.001 - 200.000 kr.	21,4%
		200.001 - 300.000 kr.	32,5%
Aldur þátttakenda		300.001 - 400.000 kr.	18,1%
18-20 ára	1,3%	400.001 - 500.000 kr.	12,1%
21-22 ára	2,1%	500.001 kr. eða hærra.	9,9%
23-25 ára	3,1%		
26-35 ára	16,4%	Hæsta prófgráða þátttakenda	
36-50 ára	29,9%	Stúdentspróf eða lægra	33,5%
51 ára eða eldri	47,2%	Tækniskólapróf (annað en BS-eða BA próf)	21,6%
		Grunnpróf úr háskóla (BA/BS)	30,8%
		Framhaldsnám í háskóla	14,1%

Tafla 2. Bakgrunnsupplýsingar neytenda smálána


Kyn þátttakenda		Mánaðarlegar ráðstöfunartekjur þátttakenda	
Karlar	43,8%	0 - 100.000 kr.	12,5%
Konur	56,2%	100.001 - 200.000 kr.	37,2%
		200.001 - 300.000 kr.	29,1%
Aldur þátttakenda		300.001 - 400.000 kr.	12,3%
18-20 ára	7,8%	400.001 - 500.000 kr.	5%
21-22 ára	20,6%	500.001 kr. eða meira.	3,9%
23-25 ára	33,4%		
26-35 ára	27,1%	Hæsta prófgráða þátttakenda	
36-50 ára	11,0%	Stúdentspróf eða lægra	71,2%
51 ára eða eldri	0,0%	Tækniskólapróf (annað en BS-próf)	7,5%
		Grunnpróf úr háskóla	16,4%
		Framhaldsnámi í háskóla	5,0%

Strax má sjá að þó nokkur munur er á hópunum. Myndir 4, 5 og 6 sýna muninn á aldri, tekjum og menntun hópanna.



Mynd 4. Mánaðarlegar ráðstöfunartekjur hópanna

Neytendur smálána hafa ívið lægri ráðstöfunartekjur, 49,7% með 200.000 kr. eða minna á mánuði samanborið við 27,4% hjá almennum neytendum. Eins og sést á mynd 5 eru viðskiptavinir smálánafyrirtækjanna einnig mun yngri en hin almenni neytandi en sú ákvörðun að safna svörum frá Félagsvísindastofnun gæti skýrt hluta þess munar.



Mynd 5. Aldursdreifing hópanna

5 Umræða

Út frá hagfræðilegu sjónarmiði ætti fólk ávalt að velja ódýrustu fjármögnunarleiðina. Sú er þó ekki alltaf raunin vegna ýmissa annara þátta sem geta haft áhrif á val neytenda. Mannlegir þættir, sem áhrif geta haft á val neytenda eru til dæmist fyrri reynsla, ávöxtunarkrafa og smekkur. Staðsetning neytenda getur einnig takmarkað möguleika þeirra til fjármögn-

unar sem og áhrif fyrri ákvarðna, til að mynda vanskil eða gjaldþrot (Huston, 2010). Því þarf þekking á fjármögnunarkostum, fjármálalæsi og vitneskja um lántökukostnað ekki að vera megináhrifaþátturinn þegar kemur að vali neytenda (Huston, 2012).

Hóparnir sem bornir voru saman í þessari rannsókn voru þó nokkuð frábrugðnir hvor öðrum. Viðskiptavinir smálánafyrirtækjanna voru yngri og t.a.m. var 61,8% á aldrinum 18-25 ára en aðeins 6,5% almennra neytenda. Viðskiptavinir smálánafyrirtækjanna höfðu einnig lægri tekjur, 49,7% undir 200 þúsund krónum í ráðstöfunartekjur mánaðarlega samanborið við 27,4% almennra neytenda. Einnig höfðu almennir neytendur oftari lokið fyrstu háskólagráðu, þ.e. 30,9% en aðeins 16,4% viðskiptavina smálánafyrirtækjanna höfðu lokið sams konar gráðu. Áhugavert væri því að skoða muninn á milli þessara hópa nánar. Til dæmis eru persónuleikabreytur eins og hvatvísi í fjármálum möguleg skýring á neyslu smálána.

Mikill skortur er á fræðilegri umfjöllun hérlendis um þennan málaflokk en erlendis hafa ýmis álitamál verið til umræðu honum tengdum. Til að mynda voru áhrif algers banns við smálánastarfsemi tveggja fylkja í Bandaríkjunum metin og komust fræðimenn að þeirri niðurstöðu að betra hefði verið að ganga ekki svo langt. Kostnaður við lánin hefur einnig verið kannaður og bentu niðurstöður til þess að að miðað við tegund, upphæð, lánstíma, afskriftir og rekstarkostnað væri kostnaðurinn skiljanlegur.

Aðkallandi er að kanna hvers vegna neytendur taka lánin og hvort þessi lán séu þeim til trafala. Fræðilegar rannsóknir á þessu sviði skortir ennþá og fyrir vikið umræðan tengd smálánum ekki verið byggð á mikilli þekkingu um áhrif þeirra á samfélagið.

Þar sem stærsti hluti rannsókna á þessu sviði hafa sýnt fram á jákvæð tengsl milli fjármálalæsis og fjárhagslegrar velgengni má einnig leiða að því líkur að áttak til að auka fjármálalæsi sé þjóðhagslega hagkvæmt. Neytendur með meira fjármálalæsi skilja betur kosti sem þeim bjóðast og átta sig einnig betur á raunverulegu virði peninga og hvernig hagkvæmast er að nota þá.

Gagnasöfnunin sem ráðist var í við vinnslu greinarinnar gefur svigrúm til frekari úrvinnslu gagna til frekari rannsókna og umræðu um málefni neytenda. Hér var því aðeins svarað hvort munur væri á fjármálalæsi viðskiptavina smálánafyrirtækja annars vegar og almennra neytenda hins vegar. Það er von höfunda að í kjölfar þessarar greinar verið fleiri kannanir gerðar á þessum markaði til að varpa skýrara ljósi á neytendur og neyslu fjármálaafurða. Það væri t.a.m. áhugavert að gera rannsókn á því hvort fjármálalæsi muni aukast þegar það verður orðið hluti af PISA könnuninni, en tíminn einn mun leiða það í ljós.

Heimildir

- Atkinson, A., Mckey, S., Collard, S. og Kempson, E. (2007). Levels of Financial Capability in the UK. *Public Money and Management*, 27(1), 29-36.
- Atkinson, A. og Messy, F. (2012). *Measuring Financial Literacy: Results of the OECD*. International Network on Financial Education (INFE) Pilot Study. (Vinnuskýrsla OECD nr. 15). París: OECD. Sótt 26. mars 2018 af <http://dx.doi.org/10.1787/5k9csfs90fr4-en>
- Bakken, M. R. (1967). Money management understandings of tenth grade students. *National Business Education Quarterly*, 36, 6.
- Braunstein, S. og Welch, C. (2002). Financial literacy: An overview of practice, research, and policy. *Federal Reserve Bulletin*, 88(11), 445-457.
- Breki Karlsson. (2010). *Ferð til fjár - Leiðarvísir um fjármál fyrir ungt fólk*. Reykjavík: Oddi.
- Breki Karlsson og Bryndís B. Ásgeirsdóttir. (2009). *Rannsókn á fjármálalæsi á Íslandi*. Reykjavík: Stofnun um fjármálalæsi og rannsóknir og greining.
- David, M. (2004). *The UK Mortgage Market: Taking a Larger-Term View*. Norwich. UK: HMSO, Licensing Division. Sótt 26. mars 2018 af http://news.bbc.co.uk/nol/shared/bsp/hi/pdfs/12_03_04_miles.pdf
- Garg, N. og Singh, S. (2018). Financial literacy among youth. *International Journal of Social Economics*, 45(1), 173-186.
- Gathergood, J. (2011). Self-control, financial literacy and consumer over-indebtedness. *Journal of Economic Psychology*, 33, 590-602.

- Heidhues, P. og Kószegi, B. (2009). Futile attempts at self-control. *Journal of the European Economic Association*, 7(2-3), 423–434.
- Hraðpeningar.ehf. (2018). Smálán, Hraðpeningar.ehf. Sótt 9 mars 2018 frá <https://hradpeningar.de>
- Huston, S. J. (2010). Measuring financial literacy. *The Journal of Consumer Affairs*, 44(2), 296-316.
- Huston, S. J. (2012). Financial literacy and the cost of borrowing. *International Journal of Consumer Studies*, 36, 566-572.
- Jumpstart Coalition for Personal Financial Literacy. (2005, júní). 2004 personal financial survey of high school seniors. Sótt 26. mars 2018 af <http://www.jumpstart.org/survey.html>
- Lawrence, E. og Elliehausen, G. (2008). A comparative analysis of payday loan customers. *Contemporary Economic Policy; Huntington Beach*, 26(2), 299-316.
- Laibson, D. (1997). Golden eggs and hyperbolic discounting. *Quarterly Journal of Economics*, 112, 443–477.
- Lusardi, A. og Mitchell, O. (2006). *Financial Literacy and Planning: Implications for Retirement Wellbeing*. Pension Research Council Working Paper No. 1. Sótt 26. Mars 2018 af <https://deepblue.lib.umich.edu/bitstream/handle/2027.42/49432/wp108.pdf?sequence=1>
- Lusardi, A. og Mitchell, O. (2007). Baby boomer retirement security, the role of planning, financial literacy and housing wealth. *Journal of Monetary Economics*, 54, 205–224.
- Lusardi, A. og Tufano, P. (2009). *Debt literacy, Financial experience and overindebtedness*. (Vinnuskýrsla NBER nr. 14808). Cambridge: NBER. Sótt 26. mars 2018 af <http://www.nber.org/papers/w14808>
- Mandell, L. (1997). *Our Vulnerable Youth: The Financial Literacy of American 12th Graders*. Washington, DC: The Jumpstart Coalition for Personal Financial Literacy.
- Mandell, L. (2008). *Financial Literacy of High School Students, in Overcoming the Saving Slump: How to Increase the Effectiveness of Financial Education and Saving Programs*. Chicago: University of Chicago Press.
- Minna, A., Terhi-Anna, W., Risto, K. og Jaana, L. (2009). The use of small instant loans among young adults – a gateway to a consumer insolvency? *International Journal of Consumer Studies*, 33(4), 407-415.
- Morgunblaðið. (5. september 2009). Kynlíf frekar rætt en fjármál. Sótt 26. mars 2018 frá <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1298883/>
- Morgunblaðið. (29. október 2009). Bjóða smálán með 608% ársvöxtum. Sótt 26. mars 2018 frá http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2009/10/29/bjoda_smalan_med_608_prosent_arsvoxtum/
- Morgunblaðið. (20. október 2012). Smálán takmörkuð við 80.000 kr. Sótt 26. mars 2018 frá http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/10/22/smalan_takmorkud_vid_80_000_kr/
- OECD. (2005). Improving financial literacy: analysis of issues and policies. Sótt 26. mars 2018 af http://www.keepeek.com/Digital-Asset-Management/oecd/finance-and-investment/improving-financial-literacy_9789264012578-en
- OECD. (2015). PISA. 2015. Bls 13. Sótt 16 júní 2018 af <https://www.oecd.org/pisa/pisaproducts/46962580.pdf>
- Parhaat Pikavipit. (7. apríl. 2012). Netin parhaat pikavipit - pikavippi [Myndband]. Sótt 26. mars 2018 af http://www.youtube.com/watch?v=dji0235s_xA
- PIPARTBWA. (23. mars. 2012). Smálán - Ekkert stórmál [Myndband]. Sótt 26. mars af <http://www.youtube.com/watch?v=t0LzNiPA964>
- Puri, R. (1996). Measuring and Modifying Consumer Impulsiveness: A Cost – Benefit Accessibility Framework. *Journal of Consumer Psychology*, 5(2), 87-113.
- Ríkisúvarpið. (18. september 2012). Smálánafyrirtæki. Sótt 26. mars 2018 frá <http://www.ruv.is/ruv/smalanafyrirtaeki>
- Ríkisúvarpið. (17. júlí 2016). Aktívalán tvisvar sinnum dýrari en yfirdráttur, Sótt 23. mars 2018 af <http://www.ruv.is/frett/aktivalan-tvisvar-sinum-dyrari-en-yfirdrattur>
- Ríkisúvarpið. (13. febrúar 2018). Smálán að sliga ungt fólk. Sótt 26. mars af <http://www.ruv.is/frett/smalan-ad-sliga-ungt-folk>
- Skiba, P. og Tobacman, J. (2006). *Payday Loans, Uncertainty, and Discounting: Explaining Patterns of Borrowing, Repayment, and Default*. Sótt 26. mars 2018 af <http://citeseerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.208.9025&rep=rep1&type=pdf>
- Strotz, R. H. (1956). Myopia and inconsistency in dynamic utility maximization. *Review of Economic Studies*, 23, 165-180.
- Stegman, M. A. (2007). Payday Lending. *Journal of Economic Perspectives*, 21(1), 169 –190.
- Stundin. (23. maí 2017). Smálána fyrirtæk hvetja fólk til að taka kostnaðarsöm lán í smáskilaboðum, sótt á vef Stundarinnar 1. mars 2018 <https://stundin.is/frett/smalanafyrirtaeki-bjoda-folki-kostnadarsom-lan-i-smaskilabodum/>
- van Rooij, M. C., Lusardi, A. og Alessie, R. J. (2011a). Financial literacy and retirement planning in the Netherlands. *Journal of Economic Psychology*, 32, 593-608.
- van Rooij, M. C., Lusardi, A. og Alessie, R. J. (2011b). Financial literacy and stock market participation. *Journal of Financial Economics*, 101, 449-472.
- Viðskiptaráðuneytið. (2009). Fjármálalæsi á Íslandi - skýrsla nefndar á vegum viðskiptaráðherra. Reykjavík.
- Viðskiptablaðið. (20. nóvember 2015). 1909, Múla og Hraðpeningar þurfa að greiða dagsektir. Sótt 17. mars 2018 af <http://www.vb.is/frettir/1909-mula-og-hradpeningar-thurfa-ad-greida-dagsektir/122734/?q=Sm%C3%A1ll%C3%A1nafyrirt%C3%A6ki>
- Worthington, A. C. (2006). Predicting financial literacy in Australia. *Financial Service Review*, 15(1), 59-79.